



11. fundur stjórnar SSA 19. maí 2015.

Fundurinn hófst kl. 12.00 í húsakynnum Austurbrúar í Fróðleiksmolanum, Búðareyri 1 á Reyðarfirði. Boðið var upp á snarl meðan á fundinum stóð. Mætt voru Sigrún Blöndal, Gunnar Jónsson, Jón Björn Hákonarson, Gauti Jóhannesson, Hákon Hansson, Stefán Grímur Rafnsson og Arnbjörg Sveinsdóttir. Jón Björn vék af fundi kl. 14.35.

Þá sat fundinn Björg Björnsdóttir, verkefnastjóri sveitarstjórnarmála sem ritaði fundargerð. Sigrún Blöndal stýrði fundi.

Í upphafi fundar, minntust fundarmenn Halldórs Ásgrímssonar, fyrrum ráðherra og þingmanns kjördæmisins. Halldór var formaður Framsóknarflokksins og forsætisráðherra Íslands. Hann sat á Alþingi Íslendinga, fyrst á árabílinu 1974-78 og síðan frá 1979 til 2006. Halldór lét af þingmennsku að loknu flokksþingi Framsóknarflokksins í ágúst 2006, eftir 31 árs setu á þingi, en hann var starfsaldursforseti þingsins er hann lét af þingmennsku. Halldór gegndi ráðherraembætti nær samfelld í tvo áratugi, rúm 19 ár. Halldór sat á þingi fyrir Austurlandskjördæmi, fyrst 1974 - 1978 og síðar 1979 - 2003, og loks fyrir Reykjavík norður 2003 - 2006. Þann 1. janúar 2007 tók Halldór við sem framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar og sinnti hann því embætti til ársins 2013.

Stjórn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi vottar eiginkonu og fjölskyldu Halldórs innilega samúð.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

1. Fundargerð frá 10. stjórnarfundum SSA lögð fram til samþykkis.
2. Fundargerðir frá:
 - a) Eyþingi. Lagt fram til kynningar.
 - b) Heilbrigðiseftirliti Austurlands og ársskýrsla HAUST. Lagt fram til kynningar.
3. Ýmis erindi og ályktanir
 - a) Minnisþing frá vorfundi landshlutasamtakanna og áskorun þeirra til stjórnvalda um samgöngumál. Lagt fram til kynningar.
 - b) Bókanir frá bæjarráði Fljótsdalshéraðs vegna tillögu um undirbúningsvinnu fyrir ljósleiðaravæðingu og umferð hópbíla í miðbæ Egilsstaða, frá bæjarráði Seyðisfjarðarkaupstaðar og Fjarðarbyggðar vegna tillögu um undirbúningsvinnu fyrir ljósleiðaravæðingu og frá sveitarstjórn Fljótsdalshrepps vegna tillögu um undirbúningsvinnu fyrir ljósleiðaravæðingu og menningarsamnings á milli sveitarfélaga. Lagt fram til kynningar.

Stjórn SSA samþykkir að á aðalfundi sambandsins í október nk. verði sérstök málstofa helguð ljósleiðaravæðingu Austurlands. Einnig verði farið fram á það við sveitarfélög að þau vinni ákveðna grunnvinnu á sínu svæði fyrir aðalfund þar sem tekið verði mið af leiðbeiningum Póst og fjarskiptastofnunar.

Stjórn SSA felur verkefnisstjóra að óska eftir formlegri afstöðu sveitarfélaganna til draga að menningarsamningi á milli sveitarfélaga. Brynt er að ganga frá undirritun fyrir sumarleyfi. Framkvæmdaráði falið að finna heppilega tímasetningu.

- c) Erindi frá velferðarráðuneyti vegna vinnumarkaðsráðs. Stjórn SSA hefur þegar afgreitt erindið.
- d) Erindi frá forsætisráðuneyti vegna starfshóps um flugmál. Stjórn SSA hefur þegar afgreitt erindið.
- e) Bréf frá Alcoa Fjarðaál lagt fram til kynningar.
- f) Skýrsla frá SASS: Stöðugreining hjúkrunarheimila á Suðurlandi.
Verkefnisstjóra falið að fá nánari upplýsingar um vinnslu skýrslunnar frá SASS með það í huga að farið verði í sambærilega vinnu á Austurlandi.

2. Málefni Heilbrigðisstofnunar Austurlands (HSA)

Gestir fundarins undir þessum lið var framkvæmdastjórn HSA; Kristín Albertsdóttir, Pétur Heimisson, Svava Sveinbjörnsdóttir og Nína Hrönn Gunnarsdóttir. Farið yfir fjárhagslega stöðu HSA og framtíðarhorfur. M.a. rætt um sérfræðiþjónustu, rekstur hjúkrunarrýma og mönnunarmál. *Stjórn SSA felur verkefnastjóra að vinna að tillögu um samstarf við heilbrigðisráðuneyti og landlækni um þróun heilbrigðisþjónustu, þ. á m. sérfræðiþjónustu á landsbyggðinni.*

3. Fjarskiptamál

Uppbygging ljósleiðaraneta og ríkisaðstoðarreglur EES. Tillaga frá Jóni Þórðarssyni, sveitarstjóra Borgarfjarðarhrepps – umsagnir sveitarfélaga (sjá lið 3b). Sjá bókun undir lið 3b.

4. Almenningsangöngur á Austurlandi

Drög að greinargerð frá verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála um stöðu mála lögð fram til kynningar ásamt minnisblaði um viðræður við vegamálastjóra. *Stjórn SSA felur verkefnisstjóra að gera óformlega könnun meðal mögulegra akstursaðila um kostnað við tímabundinn tilraunaakstur á leiðunum Djúpivogur-Breiðdalsvík og Vopnafjörður-Þjóðvegur 1. Engar skuldbindingar myndu fylgja slíkum tilraunaakstri af hálfu SSA til framtíðar, þ.e. að framhald verði á akstri á þessum leiðum.*

5. Sóknaráætlun

- a) Staða vinnu við sóknaráætlun landshlutans. Gestur fundarins var Elfa Hlín Pétursdóttir, verkefnisstjóri hjá Austurbrú sem stýrt hefur starfi samráðsvettvangsins. Hún fór yfir þá vinnu sem þegar hefur farið fram og reifaði ýmis álitaefni. Stefnt að því að ný sóknaráætlun verði send til stjórnar SSA og sveitarfélaga til umsagnar 25. maí nk. ásamt því sem hún verður sett á heimasíðu Austurbrúar og óskað eftir viðbrögðum frá almenningi. Gefnar verða tvær vikur fyrir umsagnir, síðan verði farið yfir þær af Austurbrú og samráðsvettvangi en endanlegt skjal liggja fyrir 18. júní nk.
- b) Þjónustusamningar við Austurbrú vegna samnings um sóknaráætlun lagðir fram til kynningar.
- c) Staða samninga við menningarmiðstöðvar landshlutans kynnt.

6. Önnur mál

- a) Menningarsamningur sveitarfélaga. Sjá bókun undir lið 3b.
- b) Staðan í flugvallarverkefni kynnt. Verkefnisstjóra falið að fylgjast grannt með gangi mála og halda stjórn SSA upplýstri. Áskorun frá SSA vegna breytinga á þróunarstyrkjum til almenningsamgangna lögð fram til kynningar.
- c) Erindi frá Birni Magnússyni – Hreindýraræktun. **Stjórn SSA leggur á það áherslu að umhverfis- og auðlindaráðuneytið kynni sem fyrst niðurstöðu starfshóps sem skipaður var árið 2014 um mögulega hreindýraræktun og eyði þar með óvissu um það.**

Fundi slitið kl. 15.30. Næsti fundur ákveðinn 23. júní 2015 á Egilsstöðum.

Sigrún Blöndal

Eydís Ásbjörnsdóttir

Arnbjörg Sveinsdóttir

Gauti Jóhannesson

Gunnar Jónsson

Stefán Grímur Rafnsson

Hákon Hansson

